

# „Hið myndræna fylg- ir í kjölfarið“

Rabbað við Ragnar Pál á Kjarvalsstöðum

„ÞESSI sýning hefur gengið geysilega vel og ég er mjög ánægður með þær góðu viðtökur sem ég hef fengið, en alls hafa á 4. þúsund manns séð sýninguna og allar myndirnar seldust á fyrsta degi. Líðlega 40 málverk voru til sölu, en um 30 myndir fékk ég að láni til þess að auka fjölbreytnina. Þær myndir eru frá síðustu 10 árum, en nýju myndirnar eru allar frá



Blóm

s.l. ári.“ sagði Ragnar Pál í samtali við Mbl. um sýningu sína að Kjarvalsstöðum en henni lýkur um helgina.


„Munurinn á þessari sýningu og síðustu sýningu minni,“ sagði Ragnar Pál, „er nokkur, en þó má segja að verkefnavalið sé

svipað, langslag, bátar, blóm og portrett. Þetta eru myndir frá ýmsum stöðum á landinu og í fyrsta sinn sýni ég nú myndir frá Mývatni, en einnig er talsvert af nýjum myndum frá Austfjörðum, Héraði og nágrennabyggðum.

Ég var við Mývatn í fyrrahaust í nokkrar vikur þegar haustlitaskrúðið var hvað mest, málaði á daginn og stundaði Grjótagjá á nóttinni til þess að hita mig upp.“

„Jú, ég mála nær eingöngu núna, rétt gríp í að spila á gítarinn til þess að hvíla mig. Það er gott að grípa í hljóðfærið.“


„Ég reikna með að halda áfram á svipaðri braut. Mann



Ragnar Pál

langar alltaf að gera eitthvað nýtt og sér til í þeim efnum, en þegar maður ferðast um landið og sækir viðfangsefni þá verða mótívinn - svo mörg að maður

kemst ekki yfir það sem maður vildi. Hverju mótívi sem maður finnur fylgja í rauninni mörg önnur og helzt vildi maður fara í allar áttir. Það er svo margt



Bátar




Landslag

sem verður alltaf eftir, sérstaklega á afskekktu stöðunum, því þar er margt svo spennandi og frábrugðið því sem víða þekkest bæði í landslaginu, stemmningunni og mannlífinu. Borgargjörður eystri t.d., trillukarlarnir og mannlífið þar. Maður verður fyrir svo miklum áhrifum á þessum stöðum, og þeir búa yfir svo miklum andstæðum í smæð sinni. Þá er t.d. skemmtilegur munur að mála uppi á Héraði þar sem viðáttan



Portrett

er svo mikil og svo t.d. niðri á Seyðisfirði í þessum þrönga fjallahring þar sem svo margt minnir á mikil umsvif fyrr og síðar, gömul hús, síldarlyktin liggur í loftinu og minnir á gamla daga í Siglufirði. Það er svo margt skemmtilegt að skoða þar, en þannig býr hver staður yfir sínu og þegar maður gengur til móts við þessa staði er erfitt að vaða frá þeim án þess að hið myndræna fylgi í kjölfarið.“ — á.j.



## Hverfafundir borgarstjóra í apríl – maí 1978.

Birgir Ísleifur Gunnarsson  
borgarstjóri flytur ræðu og  
svarar fyrirspurnum fundargesta

**5 Austurbær og Norðurmýri  
Hlíða- og Holtahverfi.**

Laugardaginn 6. maí kl. 14:30.

Domus Medica — Egilsgötu 3.



Fundarstjóri: Barði Friðriksson, hæstaráttarlögmaður. Fundarráttarar: Magnús Ásgeirsson, viðskiptafræðinemi og Rína Guðmundsdóttir, verzlunarstjóri.

Á fundunum verður:

1. Sýning á líkönum og uppdráttum af ýmsum borgarhverfum og nýjum byggðasvæðum.
2. Litskuggamyndir af helztu framkvæmdum borgarinnar nú og að undanförunu.

**Reykvíkingar —  
tökum þátt í  
fundum borgarstjóra**

